

**Menningar- og ferðamálnefnd Hafnarfjarðar (MOF) f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 og BT music ehf., kt. 520599-2159 gera með sér svofelldan:**

## **SAMNING**

um fjárstuðning Hafnarfjarðarbæjar við tónlistarhátíðina Guitarama á tímabilinu 1.1.2022 – 31.12.2024

### **1. gr. Markmið**

Meginmarkmið með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við Guitarama er að:

- styðja við frekari uppbyggingu Guitarama - gítarveislu Bjössa Thor - sem hefur verið haldin í Bæjarbíó síðan 2019
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð
- efla menningarlíf í Hafnarfirði með alþjóðlegri gítarhátíð og koma hafnfirsku tónlistarfólki á framfæri í bland við erlenda gítarleikara

### **2. gr. Framlag Hafnarfjarðarbæjar**

Á samningstímanum leggur MOF BT music til í beinum fjárframlögum kr.:

- kr. 700.000 árið 2022
- kr. 700.000 árið 2023
- kr. 700.000 árið 2024

Upphæðin greiðist í einni greiðslu í október ár hvert og skulu forsvarsmenn senda löglegan reikning til Hafnarfjarðarbæjar, með skýringu „Guitarama, samstarfssamningur, (ártal)“

### **3. gr. Framlag og markmið Guitarama**

Alþjóðlega tónlistarhátíðin Guitarama fer fram í Bæjarbíó þar sem þekktir erlendir gítarleikarar koma fram í blandi við íslenska tónlistarmenn. Hátíðin tekur á öllum tónlistarstefnum og er almenn skemmtun þ.e venjulegir popp, rokk eða jazztónleikar þó svo gítarinn sé í forgrunni.

BT music skipuleggur og heldur Guitarama sem samanstendur af afhendingu Gullnaglarinnar, dagskrá í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og fleiri stöðum sem stendur að lágmarki í viku í október öll þrjú samningsárin og lýkur með lokatónleikum í Bæjarbíó.

### **4. gr. Ábyrgð**

BT music ber ábyrgð á að starfsemin fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. BT music ber ábyrgð á skuldbindingum Guitarama eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. BT music er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **5. gr. Kynningarmál**

Á öllu kynningarefni Guitarama, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Guitarama sé styrkt af Hafnarfjarðarbæ og birtir BT music merki Hafnarfjarðar í því skyni.

### **6. gr. Samskipti og eftirlit**

Ritari menningar- og ferðamálanefndar er tengiliður samningsins við BT music. BT music skal skila árlegri skýrslu þar sem fram kemur dagskrá, aðsóknartölur, uppgjör og lýsing á kynningarmálum til ritara MoF í síðasta lagi 10. október ár hvert.

### **7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telur BT music hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Hafnarfjarðarbæjar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er heimilt að fella niður greiðslur þar til BT music hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

### **8. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við úthlutunarreglur menningarstýrkja frá 10.01.2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóma eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

### **9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt menningar- og ferðamálanefndar og bæjarráðs og fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar hvert ár. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði 20. apríl 2022

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. BT music

---

---